

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulaginu Arnarnes sem samþykkt var í bæjarstjórn í júlí 1961. Breytingarnar teljast óverulegar sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varða eftirtaldar lóðir:

Prastarnes 3 þar sem breytingin felst í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 12. apríl 2007 og tekur hér með gildi.

Tjaldanes 15 þar sem breytingin felst í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 25. júlí 2006 og tekur hér með gildi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Búðir sem samþykkt var af bæjarstjórn í september 1977. Breytingin telst óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varðar lóð nr. 10 við Holtsbúð.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 12. apríl 2007 og tekur hér með gildi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi Flata sem samþykkt var af bæjarstjórn í júlí 1961. Breytingin telst óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varðar lóð nr. 48 við Sunnuflöt og felst í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 5. desember 2006 og tekur hér með gildi.

*Garðabæ, 5. júní 2007.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2007